

Lýsing á verkefninu Wikilexía

WIKIBOOKS
COMMONS
WIKIPEDIA

Í Commons voru yfir 44 milljónir mynda 2018




Verkefni þitt er að skrifa námsefni sem samsvarar einni lexíu um efni að eigin vali inn í wiki á is.wikibooks.org og tengja námsefni þitt við aðrar wikigreinar svo sem greinar á ensku eða íslensku Wikipedíu og ytri tengla (aðrar vefslóðir). Í wikilexíunni eiga einnig að vera

myndir sem þú tengir í á myndagagnagrunninum Commons sem er á slóðinni

<https://commons.wikimedia.org> en þar eru núna yfir 44 milljón skrár. Einnig skaltu hafa með æfingar eins og krossapróf. Skráðu þig sem notanda á is.wikibooks.org og skilaðu slóð á wikilexíuna þína og stutttri lýsingu (um 3 setningar) á hvernig gekk að gera hana.

Lexían þín ætti að vera svona byggð upp:


- **Kynning, inngangur.** Láttu koma fram fyrir hverja námsefnið er hugsað og stutta lýsingu um hvað er í lexíunni og hvert er markmið hennar. Reyndu að hafa kynninguna aðlaðandi og grípandi og nemendamiðaða. Hafðu allt orðalag sem hæfir þeim hópi sem lexían er miðuð við
- **Meginmál, inntak** Hér gætu verið 2 eða 3 kaflar (mega vera fleiri) þar sem eitthvað er kennt eða útskýrt og verkefni reifað. Reyndu að finna myndir á Commons til að útskýra efnið þitt.
- **Verkefni** Settu upp hvernig nemandinn prófar og notar það sem er í lexíunni. Þú skalt hafa kafla fyrir Spurninga þar sem eru opnar spurningar og kafla fyrir krossapróf. Einnig getur þú haft kafla yfir hvað nemandinn á að gera (t.d. smíða eitthvað, búa eitthvað til, leysa þraut)
- **Heimildir og ítarefni.** Teldu upp heimildir og hafðu tengla ef það eru vefheimildir. Einnig skaltu hafa tengja í ítarefni.



Vinnulag í verkefninu

- Ákveða hvað þú ætlar að skrifa um og skrifa lauslegt uppkast (skrifaðu það bara fyrst í ritvinnslu eða notepad hjá þér)
- Finna ítarefni sem þú ætlar að vísa í eða styðjast við
- Skoða hvaða myndir á commons.wikimedia.org þú gætir notað í verkefnið
- Skrá sig inn sem notanda á is.wikibooks.org (nýskráning)
- Skrá sig inn á is.wikibooks.org undir sínu notendanafni

- Stofna síðu fyrir wikilexíuna þína. Veldu stutt nafn, á lexíuna helst bara eitt orð og skrifaðu það í leitargluggann. Þá færðu allar síður þar sem nafnið kemur fyrir og fyrir neðan leitargluggann er þér boðið að útbúa síðu t.d. **Útbúðu síðuna „Porskastríðin“ á þessum wiki!** Þú færð líka yfirlit yfir þær síður þar sem nafnið hefur komið fyrir. Smelltu á nafnið á síðunni og þá kemur þú inn í auðan innsláttarglugga þar sem þú getur slegið inn texta og smellt á happinn Vista síðu. Ef það er þegar til lexía með þessu nafni þá skaltu breyta nafni á þinni lexíu og leita aftur. Hér er dæmi um hvernig wikilexían Porskastríðin er búin til.
- Nú getur þú alltaf bætt við lexíuna með að fara á hana (muna að vera alltaf innskráður, þá er alltaf hægt að fara í framlög til að finna hvað maður var að gera og allar breytingar á wikilexíunni vistast undir manns eigin nafni. Bæta svo við efni og tengingum í myndir á Commons og tengingum í greinar á Wikipedia.



<p>Á eftirfarandi slóð eru youtube upptökur og fleira efni sem tengist þessu verkefni: https://notendur.hi.is/salvor/wikilexia Hér er sniðmát fyrir krossapróf: https://is.wikibooks.org/wiki/Krossapróf</p> <p>Í leiðbeiningunum eru tekið fyrir fjögur sýnishorn um wikilexíur glerblástur, reiðhjól og jurtalitun og áll og álaveiðar. Hér eru tenglar í þær lexíur: Jurtalitun – is.wikibooks.org/wiki/jurtalitun Reiðhjól – is.wikibooks.org/wiki/reiðhjól Glerblástur – is.wikibooks.org/wiki/glerblástur Áll og álaveiðar is.wikibooks.org/wiki/állinn</p> <p>Hér eru fleiri verkefni frá kennaranemum https://is.wikibooks.org/wiki/Námssefni</p>	<p>Hér er námsefni með ýmsu varðandi wikikerfið: https://is.wikibooks.org/wiki/Wikikennsla</p> <p>Hér eru nokkur verkefni frá nemendum 2016 sem sýna hvernig tilbúin wikilexía á að líta út. https://is.wikibooks.org/wiki/Tennur_og_tannhirða https://is.wikibooks.org/wiki/Sveppir https://is.wikibooks.org/wiki/Soð_gerð https://is.wikibooks.org/wiki/Laugarás https://is.wikibooks.org/wiki/Norræn_goðafraði https://is.wikibooks.org/wiki/Japanska/Hiragana</p>
---	---